



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. P 128/670

komudagur 4.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignaskatt.

Meginefni breytingartillögunnar er að teknar verði upp breyttar reglur um fyrningar á lausafé fyrirtækja.

Alþýðusamband Íslands vill mótmæla þeirri málsmeðferð að breytingartillaga sem þessi skuli lögð fram með litlum fyrirvara og án nokkurs mats á áhrifum þess. Slík málsmeðferð er með öllu óásættanleg.

Almennt vill Alþýðusambandið mótmæla þeirri þróun sem átt hefur sér stað á liðnum misserum að færa skattbyrði frá fyrirtækjum til almenns launafólks. Í því samhengi skal minnt á ályktun miðstjórnar ASÍ frá 16. október 2002 en þar segir m.a: „*Miðstjórn ASÍ lýsir yfir mikilli óánægju sinni með það óréttlæti sem einkennir tekjuhlið fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar og telur hana leiða til aukins tekjumismunar.*

Á sama tíma og skattaálögur á almennt launafólk eru hækkaðar... eru skattar á hátekju- og stóreignafólk og fyrirtæki lækkaðir.... Miðstjórn ASÍ mótmælir þessu óréttlæti harðlega og ítrekar gagnrýni sína á skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var á Alþingi í lok síðasta árs. Augljóst er, að þau varnaðarorð sem þá voru viðhöfð eru nú að iíta dagsins ljós.“


Til upprifjunar skal hér minnt á að í umsögn ASÍ dagsettri 7. nóvember 2001 um þær tillögur til skattkerfisbreytinga sem þá voru til umfjöllunar hjá Alþingi sagði m.a: „*Alþýðusambandið hefur sett fram alvarlega gagnrýni á fyrirhugaðar skattabreytingar ríkisstjórnarinnar og telur að með þeim sé vegið að kjörum almenns launafólks. Kjarni þeirrar gagnrýni sem Alþýðusambandið hefur sett*

fram er í raun þrjúþættur en snýst í grundvallaratriðum um að verði þessar tillögur að lögum, sé verið að færa skattbyrðina yfir á laun og vinnu, af eignum og fjármagni.

Alþýðusambandið vill vekja athygli á að ef svigrúm hefur skapast til skattalækkana þá hefur það svigrúm orðið til við það að skattleysismörk hafa ekki hækkað í takt við laun á undanförunum árum þó að þau hafi hækkað í takt við umsamin laun eftir að ríkisstjórnin féllst á þá kröfu ASÍ við gerð kjarasamninga 2000.”

Vegna þess mikla ágreinings sem er um stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum fyrirtækja telur Alþýðusamband Íslands ekki ástæðu til þess að taka efnislega afstöðu til þeirra afmörkuðu þátta sem þetta frumvarp fjallar um. Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að tekin verði upp opin umræða um skattkerfi bæði fyrirtækja og einstaklinga, með það að markmiði að ná breiðari sátt um skattkerfið. Augljóst er að slík sátt er ekki til staðar og áskilur ASÍ sér rétt til þess að beita sér fyrir slíkri umræðu á næstu mánuðum.

f.h. Alþýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson
Forseti ASÍ